



ÁRSSKÝRSLA 2023

BORÐTENNISSAMBAND
ÍSLANDS

Stjórn BTÍ

2. apríl 2022 - 13. maí 2023

Formaður: Auður Tinna Aðalbjarnardóttir

Varaformaður: Ingimar Ingimarsson

Gjaldkeri: Anna Sigurbjörnsdóttir

Ritari: Sigurjón Ólafsson

Meðstjórnandi: Kári Mímisson

Varamenn

Pétur Stephensen

Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson

Jón Gunnarsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Þingfulltrúar á ársþingi 2023.....	4
Dagskrá þingsins.....	5
Inngangur formanns.....	6
Ársþing BTÍ 2022.....	7
Landsliðsverkefni apríl 2022 - apríl 2023.....	8
Mót innanlands apríl 2022 - apríl 2023.....	11
Deildakeppni - úrslit í karladeildum 2022.....	15
Deildakeppni 2022 2023.....	18
Íslandsmeistarar í liðakeppni 2023.....	20
Önnur verkefni.....	23
50 ára afmæli BTÍ 12. nóvember.....	26
Borðtennisfólk ársins.....	28
Íslandsmót 2023.....	29

Þingfulltrúar á ársþingi 2023

Alls eiga 37 fulltrúar frá 12 félögum rétt til setu á þinginu

Félag	Iðkendur	Þingfulltrúar
Akur	14	2
BH	100	4
BR	29	3
Dímon	82	4
Garpur	41	3
HK	40	3
ÍFR	1	2
KR	151	6
Umf. Selfoss	17	2
Ungmf. Samherjar	8	2
Víkingur	58	4
Örninn	4	2
Alls:	545	37

Dagskrá þingsins

Samkvæmt 8 gr. laga BTÍ eru störf borðtennisþings þessi.

1. Þingsetning.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Staðfesta lögmæti fundarins.
4. Kosning kjörbréfanefndar.
5. Fara yfir fundargerð síðasta þings.
6. Afhending viðurkenninga.
7. Ávörp gesta.
8. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
9. Reikningar sambandsins lagðir fram.
10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
11. Reikningar bornir undir atkvæði.
12. Fjárhagsáætlun.
13. Lagabreytingar.
14. Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist.
15. Kosning stjórnar og varamanna.
16. Kosning skoðunarmanna reikninga.
17. Val fulltrúa á íþróttaping.
18. Önnur mál.
19. Ávarp formanns.
20. Þingslit.

Inngangur formanns

Borðtennisárið 2022-2023 hefur verið gjöfult og spennandi.

Þrjár nefndir Borðtennissambandsins störfuðu á tímabilinu, landsliðsnefnd, mótanefnd og útbreiðslunefnd, þar sem Ingimar Ingimarsson, Kári Mímisson, Sigurjón Ólafsson og Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson gegndu formennsku.

Síðasta stjórn skilaði góðu búi sem leyfði nýrri stjórn að ráðast í umbætur eins og endurgerð á vef sambandsins. Var hann kynntur á 50 ára afmælishátíð sambandsins í nóvember, sem var yndislegt tækifæri fyrir meðlimi hreyfingarinnar til að koma saman og fagna - sérstaklega að loknum langvarandi samkomutakmörkunum.

Landsliðsverkefni voru fjölbreytt og Covid-takmarkanir ekki lengur við lýði á þeim. Kvennalandsliðið var gestalið í norsku deildinni og fór fjórar helgar til Noregs til keppni. Karlalandsliðið keppti í undankeppni EM í liða í Búlgaríu og á Preston Grand Prix í Englandi auk þess sem bæði landsliðin tóku þátt í Færeyjaleikunum og hluti landsliðshóps á sænsku móti í Gautaborg. Unglingalandsliðið keppti á mótum í Osló bæði vorin 2022 og 2023, með flottum úrslitum auk þátttöku á Evrópumóti unginga í Króatíu. Á EM fatlaðra ungmenna náði Björgvin Ingi Ólafsson úr HK lofsverðum árangri þegar hann vann tvö bronsverðlaun, m.a. í einliðaleik í sínum flokki. Ýmsir erlendir keppendur sóttu landið heim, m.a. unglingalandslið Færeyja í maílok 2022, belgískt kvenna- og karlalið í ágúst og franskir og sænskir leikmenn vegna Norðurljósabúðanna og RIG. Þá styrkti sambandið leikmenn til þátttöku í ýmsum alþjóðlegum verkefnum, svo sem þátttöku HK í Evrópukeppni félagsliða og æfingadvöl erlendis. Hvað landsliðsstarf varðar eru þrengingar að þátttöku minni þjóða á EM og HM áhyggjuefni auk mikils kostnaðarauka við gistingu á stærri mótum.

Borðtennisíþróttin var kynnt á landsbyggðinni, m.a. á Egilsstöðum, Mosfellsbæ, Suðurlandi og Borgarnesi. Árið fól í sér fyrstu aðkomu sambandsins að landsmóti UMFÍ 50+ auk þess sem sambandið var eina sersambandið sem aðstoðaði UMFÍ við unglingalandsmót, þar sem stór kynning og stórt vel heppnað mót fór fram um verslunarmannahelgina. Með útbreiðslu og fagmannlegt útlit að markmiði jók stjórn virkni BTÍ á samfélagsmiðlum til muna, auk þess sem áhersla var lögð á góða myndatöku og myndbirtingar frá keppni.

Borðtennis fékk mikla fjölmiðlaathygli á árinu, meðal annars vegna endurkomu Guðmundar Stephensen á Íslandsmótið, 10 árum frá síðustu þátttöku hans þar. Sýnt var í fyrsta skipti beint á RÚV frá úrslitum Íslandsmótsins í samvinnu við Skjáskot og RÚV og eiga mótshaldarar BH, KR, keppendur og lýsendur mikið hrós skilið fyrir vandaða útsendingu.

Valdimar Leó Friðriksson hélt áfram störfum sem starfsmaður BTÍ, og engin spurning er að það er framfaraskref að sambandið hafi starfsmann sem sinnt getur daglegum verkum svo sem styrkumsóknum, ferðaskipulagi og aðkomu að stofnun nýrra deilda.

Mikil virkni var í mótahaldi innanlands með góðum Íslandsmótum. Þónokkur nýbreytni var í keppnisformi á mótum ársins, sem var vinsælt. Nýtt leikfyrirkomulag var tekið til notkunar eftir smíði Kára Mímissonar, til að bregðast við þeirri ósk leikmanna að leika fleiri leiki í hverri viðureign. Hefur það mælst mjög vel fyrir.

Starfsemi borðtennisfélaga hélt áfram með ágætum og er sérstaklega vert að nefna ánægju með grósku og styrkingu í Reykjanesbæ. Grunnur var lagður að stofnun borðtennisdeildar í Mosfellsbæ.

Ég vil nýta tækifærið og þakka fráfaraandi stjórnarmeðlimum kærlega fyrir óeigingjarnt starf, óska Kára velfarnaðar í spennandi nýju hlutverki í framkvæmdastjórn ÍSÍ og þakka öllum þeim sem leggja hönd á plóg við að efla borðtennissamfélagið okkar. Áfram borðtennis!

Reykjavík, 12. maí 2023

Kær kveðja, formaður BTÍ, Auður Tinna Aðalbjarnardóttir

Árspaning BTÍ 2022



Á árspaningi BTÍ 2022 þann 2. apríl var Auður Tinna Aðalbjarnardóttir kjörin formaður BTÍ, fyrst kvenna. Aðrir í nýrri stjórn voru kosin Anna Sigurbjörnsdóttir, Ingimar Ingimarsson, Kári Mímisson og Sigurjón Ólafsson. Þau Anna og Kári sátu í fyrri stjórn en aðrir í fyrri stjórn gáfu ekki kost á sér til endurkjörs.

Í varastjórn voru kjörnir þeir Pétur Stephensen, Bæring Guðmundsson og Jón Gunnarsson.

Á þinginu var m.a. samþykkt breyting á lögum þess efnis að árspaning BTÍ verði framvegis haldið á hverju ári.

Þau Ásta M. Urbancic, Ingimar Ingimarsson og Pétur Stephensen fengu gullmerki BTÍ. Ásta og Pétur fengu einnig gullmerki ÍSÍ, sem Hörður Þorsteinsson, fulltrúi ÍSÍ á fundinum afhenti þeim.

Landsliðsverkefni apríl 2022 - apríl 2023

Hér má finna helstu viðburði í landsliðsverkefnum borðtennisfólks síðastliðna 12 mánuði. Ekki er um tæmandi yfirlit og finna má nánari upplýsingar um hvern [viðburð á bordtennis.is](https://www.btt.is/viðburð-á-bordtennis.is).

Íslenska karlalandsliðið lék dagana 31. mars - 2. apríl 2022 í **undankeppni EM í Búlgaríu**. Liðið lék við Búlgaríu, Kósovó, Lettland og Noreg. Ísland vann lið Kósovó 3-0 en tapaði fyrir Búlgaríu, Noregi og Lettlandi.

Unglingalandsliðshópur lék á **aldursflokkmóti í Noregi** 2.-3. apríl 2022. Nokkrir leikmenn náðu á verðlaunapall á fyrri degi mótsins, og flestir leikmenn í hópnum unnu leik. Alexander Ivanov og Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir unnu flokka á mótinu og margir aðrir fóru á verðlaunapall.

Leikmenn úr landsliðshópi tóku þátt í **Klubbresornas Klubbresa 2022** mótinu í Gautaborg 4. - 6. júní. Íslensku keppendurnir léku marga leiki á mótinu í mismunandi styrkleikaflokkum. Sól Kristínardóttir Mixa vann einn flokk og flestir leikmennirnir komu heim með verðlaun úr einhverjum þeirra flokka sem þeir kepptu í.

Bjarni Þorgeir Bjarnason, borðtennismaður, þjálfari HK og Íslandsmeistari í einliðaleik karla 50-59 ára, tók átt í **EM öldunga** (40 ára og eldri), sem fram fór á Rimini í Ítalíu 25. júní til 2. júlí. Bjarni komst í 32 manna úrslit í B keppni mótsins.



Færeyjaleikarnir voru haldnir í júní 2022. Ísland sigraði Grænland I í úrslitaleik í liðakeppni karla. Leiknum lauk 3-1. Davíð Jónsson vann Aqqalu Nielsen 3-2 í upphafsleiknum en Magnús Gauti Úlfarsson tapaði 0-3 fyrir bróður hans Ivik, sterkasta Grænlendingnum. Ellert Kristján Georgsson lék sem þriðji maður og vann sinn leik 3-2. Magnús Gauti lagði svo Aqqalu 3-0 og tryggði íslenskan sigur. Myndin fyrir ofan er frá verðlaunaafhendingu mótsins.

Björgvin Ingi Ólafsson, HK, fékk brons í einliðaleik í sínum flokki á **EM fatlaðra ungmenna**, sem fram fór í Helsinki 1. - 3. júlí. Björgvin fékk annað brons í liðakeppni í flokki Max 14, þar sem hann lék með Finnanum Aaro Mäkelä.



EM unglinga fór fram í Króatíu í júlí. Bæði piltaliðið og stúlknaliðið höfnuðu í 36. sæti. Myndin fyrir ofan sýnir íslensku þátttakendurna ásamt þjálfurum.

Dagana 11.-16. ágúst fóru fram alþjóðlegir leikar, **International's Children's games**, í Coventry á Englandi. Leikarnir eru haldnir í samstarfi við alþjóða Ólympíunefndina IOC en Íþróttabandalag Reykjavíkur sendi þátttakendur á leikana. Benedikt Jóhannesson, Víkingi og Magnús Holloway, KR tóku þátt fyrir hönd Reykjavíkur. Báðir stóðu sig vel og lentu í 3. sæti í sínum riðli en margir sterkir keppendur voru á mótinu.

Fjórir karlar úr landsliðshópnum léku á **Preston Grand Prix mótinu** í Englandi fyrstu helgina í nóvember. Karlarnir sem kepptu voru Birgir Ívarsson, BH, Ellert Kristján Georgsson, KR, Magnús Gauti Úlfarsson, BH og Óskar Agnarsson, HK.

HK keppti í lok nóvember í **Evrópukeppni félagsliða eða Europe Trophy** (Region b) þar sem liðið mætti liðum frá Portúgal, Póllandi, Eistlandi og Lettlandi. Keppnin fór fram í borginni Kuldiga í Lettlandi. Þrátt fyrir allar viðureignir hafi tapast 3-0 þá var þetta góð reynsla og mikil upplifun fyrir HK liðið.

Hópur íslenskra keppenda tók þátt í **Roskilde cup**, sem fór fram í Hróarskeldu í Danmörku 4.-5. febrúar. Nokkrir unnu til verðlauna.

Dagana 10.-12. febrúar fóru fjórir keppendur frá Íslandi á **Malmö Open Para Games** sem er stærsti íþróttaviðburður fatlaðra á Norðurlöndum. Fyrir Íslands hönd kepptu Björgvin Ingi Ólafsson, Hákon Atli Bjarkason, Magnús Guðjónsson og Óskar Aðils Kemp. Björgvin, Hákon og Óskar unnu allir til verðlauna á mótinu.

Ingi Darvis Rodriguez úr Víkingi, lék á **Safir mótinu í Svíþjóð** 24.-26. febrúar sem landsliðsverkefni. Hann tók þátt í tveimur flokkum, Herrer Elite og U20. Ingi Darvis var við æfingar í Svíþjóð í vetur. Ingi gerði sér lítið fyrir og vann sinn riðil í undankeppninni.

Íslenska kvennalandslíðið tók þátt í **norsku deildinni**, Stiga Ligaen, veturinn 2022-2023. Líðið vann einn leik og gerði eitt jafntefli í fjórtán leikjum. Sigur liðsins kom á móti liði Notodden BTK, sem endaði í öðru sæti deildarinnar, en leikurinn vannst 6-3.

Unglingalandslíðið lék á **móti í Osló í Noregi** helgina 14. - 16. apríl 2023. Mótið var haldið af Fokus bordtennisklub. Nokkrir leikmenn komust á verðlaunapall. Darian Adam Róbertsson Kinghorn sigraði í tveimur flokkum og Kristján Ágúst Ármann í einum.

Mót innanlands apríl 2022 - apríl 2023

Líflegt mótahald var keppnistímabilið 2022 - 2023. Fjöldi móta voru haldin og hér verður stiklað á stóru í mótahaldi vetrarins auk móta sem voru haldin vor og sumar 2022. Á bordtennis.is má finna fréttir af öllum mótum sem voru haldin með nánari upplýsingum.

Apríl 2022

Norbert Bedo, KR, sigraði á sk. **Móti meistaranna**, sem var boðsmót á vegum Borðtennisdeildar BH, haldið í Íþróttahúsinu við Strandgötu þann 19. apríl. Pétur Gunnarsson, KR varð í öðru sæti og Gestur Gunnarsson, KR, varð í 3. sæti.

Á vinamóti KR, sem haldið var í Íþróttahúsi Hagaskóla þann 24. apríl, var keppt í liðakeppni unglunga 21 árs og yngri. Tveir leikmenn voru í liði og var liðum raðað í riðla eftir getu. Þannig fengu liðin jafna leiki en ekki var leikið upp úr riðlunum. Ekki voru veitt verðlaun fyrir mótið önnur en búningaverðlaun fyrir lið sem mættu í búningum.

Maí 2022

Héraðsmót HSK var haldið í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli þann 6. maí. Keppendur voru 76 talsins frá þremur félögum. Keppt var í fjórum aldursflokkum unglunga, flokki fullorðinna og öldunga. Mótið er jafnframt stigakeppni innan héraðssambandsins og fékk Dímon flest stig eða 137, Garpur fékk 72 stig og Selfoss 22 stig.

Júlí 2022

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Selfossi 29. – 31. júlí. Á mótinu var meðal annars keppt í borðtennis. Auk fóru nokkrir þjálfarar frá BTÍ á mótið og héldu borðtenniskynningu. Þátttakendur fengu spaða að gjöf sem keyptir voru með styrk frá Evrópusamtökunum í borðtennis. BTÍ var eina sersamband ÍSÍ sem aðstoðaði UMFÍ við viðburði á mótinu.

September 2022

Þátttaka í **unglingamóti HK**, sem var fyrsta borðtennismót vetrarins, var góð en alls voru 38 keppendur skráðir til leiks frá 7 félögum í Mini Cadet, Cadet og Junior flokkum. Sigurvegarar úr einstökum flokkum voru: Mini cadet kk - Kristján Ágúst Ármann – BH. Mini cadet kvk - Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir – KR. Cadet kk - Aron Bjarki Lárusson – Víkingur. Junior kk - Þorbergur Pálmarsson – BH.

Október 2022

Laugardaginn 8. október fór fram **aldursflokkamót BH** í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. Á mótinu var bryddað upp á þeirri nýjung í byrjendaflokki að keppa ekki til stiga. Í staðinn kepptu leikmenn í sex mínútur áður en þeir fengu nýjan mótherja í flokknum. Þetta fyrirkomulag hentar vel þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref á borðtennismótum. Nokkuð var um að keppendur skráðu sig í mótið sérstaklega til þess að taka þátt í byrjendaflokki sem þeir hefðu annars ekki gert ef stigin hefðu verið talin. Í einstökum aldursflokkum var keppt í sameinuðum flokkum kynja. Um sextíu keppendur skráðu sig til leiks úr fimm félögum.

Sigurvegarar í einstökum flokkum voru: Kristján Ágúst Ármann, BH (2010-2011), Alexander Chavdarov Ivanov , BH (2008-2009) og Eiríkur Logi Gunnarsson, KR (2004-2007)

Björgvin Ingi Ólafsson úr HK sigraði þrefalt á **Íslandsmóti fatlaðra**, sem fram fór í Reykjanesbæ laugardaginn 15. október. Björgvin sigraði í tvíliðaleik, í standandi flokki og í opnum flokki.

Aldursflokkamót Dímonar var haldið fyrsta vetrardag, 22. október í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli. Keppendur voru alls 62 frá 8 félögum. Sigurvegarar í einstökum flokkum voru: Darian Adam Róbertsson Kinghorn, HK (2005-2007), Dawid May-Majewski, BR (2012-), Heiðar Leó Sölvason, BH (2010-2011), Benedikt Aron Jóhannsson, Víkingi (2008-2009), Magnea Ósk Hafsteinsdóttir, Dímon (2008-2009), Guðrún Margrét Sveinsdóttir, Dímon (2005-2007), Þórunn Metta Þórðardóttir, Dímon (2012-) og Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR (2010-2011).

Stóra Víkingsmótið fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 23. október 2022. Mótið var fjölmennt þar sem keppendur komu frá Víkingi, KR, HK, BH og BR. Eftirtaldir voru sigurvegarar. Meistaraflokkur kvenna: Nevena Tasic Víkingur, Meistaraflokkur karla: Ellert Georgsson KR, 1. flokkur kvenna: Anna Sigurbjörnsdóttir KR, 1. flokkur karla: Björgvin Ólafsson HK, 2. flokkur karla; Michael May-Majweski BR, Eldri flokkur karla: Pétur Ó. Stephensen Víkingur

Nóvember 2022

Magnús Gauti Úlfarsson, BH, og Nevena Tasic, Víkingi, sigruðu á **Stórmóti HK og Stiga**, sem fram fór í Íþróttahúsi Snælandsskóla laugardaginn 12. nóvember. Keppt var í opnum flokkum karla og kvenna. Í úrslitum í karlaflokki mætti Magnús Gauti Davíð Jónssyni úr KR, og sigraði Magnús 4-2. Í undanúrslitum vann Magnús Ellert Kristján Georgsson, KR, 4-1, en Davíð lagði Gest Gunnarsson, KR, 4-2. Í karlaflokki var fyrst keppt í riðlum en síðan var leikið með útsláttarfyrirkomulagi. Í kvennaflokki var leikið í einum riðli. Nevena Tasic sigraði, en hún vann alla sína leiki 3-0. Aldís Rún Lárusdóttir, KR varð í 2. sæti, Guðrún Gestsdóttir, KR, í 3. sæti og Anna Marczak, HK, í 4. sæti.

Borðtennisdeild KR hélt aldursflokkamót í samstarfi við **PingPong** í Íþróttahúsi Hagaskóla laugardaginn 19. nóvember. Keppt var í einum flokki í einliðaleik 12 ára og yngri, og í tvíliðaleik 18 ára og yngri. Keppnin fór fram í riðlum og var upphaflega raðað í riðla eftir stöðu á styrkleikalista. Leiknar voru þrjár umferðir, og færðust leikmenn upp og niður á milli riðla eftir árangri. Í einliðaleik var leikið í fimm 3-4 manna riðlum, og að loknum þremur umferðum var Benedikt Jiyao Davíðsson úr Víkingi efstur í efsta riðli. Allir þátttakendur í flokknum fengu viðurkenningu að lokinni keppni. Í tvíliðaleik 18 ára og yngri voru Alexander Ivanov og Hergill Frosti Friðriksson, BH, efstir í efsta riðli að loknum þremur umferðum.

Pepsi mótið í borðtennis fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 20. nóvember 2022. Mótið var fjölmennt og komu keppendur frá félögunum Víkingi, KR, HK, BH, BR. Í meistaraflokki karla sigraði Gestur Gunnarsson, KR. Í meistaraflokki kvenna sigraði Stella Kristjánsdóttir, Víkingi. Í 1. flokki karla sigraði Mariusz Roszinski, Víkingur. Í 1. flokki kvenna sigraði Guðbjörg Vala

Gunnarsdóttir, KR. Í 2. flokki karla sigraði Mariusz Roszinski, Víkingur. Í 2. flokki kvenna sigraði Paulina Lukasik, BR. Í eldri flokki karla sigraði Jón Gunnarsson, BR.

Desember 2022

Bikarkeppni félaga 2022 fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 3. desember þar sem sjö lið voru skráð til keppni frá Víkingi, KR, BR og BH. Úrslitaleikurinn var á milli Víkings-A og BH-A. Um mjög skemmtilegan hörkuleik var að ræða þar sem BH sigraði að lokum 4-3 og er því bikarmeistari 2022.

Norbert Bedo, KR, sigraði á **Upp-og-niður móti BH**, sem haldið var í Íþróttahúsinu við Strandgötu 10. desember. Leiknar voru þrjár umferðir í þriggja til fjögurra manna riðlum og færðust leikmenn upp og niður á milli riðla eftir árangri. Alls tók 31 leikmaður þátt í mótinu.

Þann 17. desember 2022 fór fram **2. flokksmótið BR Open 2022** hjá Borðtennisfélagi Reykjanesbæjar í Keflavík. Vegna óveðurs komust leikmenn BH og KR því miður ekki á mótið. Mótið sóttu að mestu leikmenn BR og leikmaður frá HK. Piotr Herman BR og Anna Marczak HK voru sigurvegarar mótsins.

Janúar 2023

Marathonmót fór fram á Strandgötunni 21. janúar þar sem keppt var í hefðbundnum aldursflokkum. Allir keppendur í yngsta aldursflokknum fengu þátttökuverðlaun sem er hefð sem hefur mælst vel fyrir í BH og hvetur félagið alla til að taka það fyrirkomulag upp. Sigurvegarar í einstökum flokkum voru:

- Piltar, fæddir 2010-2011 – Dawid May-Majewski (BR)
- Telpur, fæddar 2010-2011 – Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir (KR)
- Sveinar, fæddir 2008-2009 – Alexander Ivanov (BH)
- Meyjar, fæddar 2008-2009 – Weronika Grzegorzcyk (Garpur)
- Drengir, fæddir 2005-2007 – Alexander Ivanov (BH)
- Stúlkur, fæddar 2005-2007 – Kristjana Áslaug Thors (KR)

Febrúar 2023

Reykjavíkurlaikarnir í borðtennis 2023 fóru fram í TBR-Íþróttahúsinu í Laugardal í umsjón Borðtennisdeildar Víkings. Sigurvegarar mótsins voru Víkingarnir Ingi Darvis Rodriguez og Nevena Tasic en góðir gestir frá Frakklandi léku á mótinu.

Helgina 25.-26. febrúar fór fram **BH OPEN** í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Á mótinu var spilað í fjórum „blokkum“ sem hófust kl. 09.00 og 13.00 á laugardag og sunnudag. Innan hvernar blokkar gátu leikmenn valið um þá flokka sem þeir vildu keppa í.

Apríl 2023

Coca Cola mótið í borðtennis fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 1. apríl 2023. Keppendur komu frá Víkingi, KR, HK, BH og BR. Keppendur Víkings voru sigursælir og sigruðu í þremur flokkum, HK í einum flokki og KR einum flokki.

- Sigurvegari í MFL karla: Óskar Agnarsson HK
- Sigurvegari í 1. flokki karla: Jörg Sonnentag Víkingur
- Sigurvegari í 1. flokki kvenna: Guðrún Gestsdóttir KR
- Sigurvegari í 2. flokki karla: Benedikt Jóhannsson Víkingur
- Sigurvegari í eldri flokki karla: Pétur Ó. Stephensen Víkingur

Magnús Gauti Úlfarsson, BH og Jörg Sonnentag, Víkingi sigruðu í opnum flokki í tvíliðaleik á **Hjálmarsmóti**nu, sem fram fór í Íþróttahúsi Hagaskóla sunnudaginn 2. apríl. Bræðurnir Magnús og Tómas Holloway, KR, sigruðu í tvíliðaleik í flokki leikmanna með undir 1400 styrkleikastig.

Þann 15. apríl fór fram **unglingamót HK**. Keppendur voru alls 16 í fimm flokkum, en unglingalandsliðið keppti í Noregi um sömu helgi. Í mini kadet drengja var keppt í tveimur riðlum með alls 8 keppendum. Í þeim flokki sigraði Dawid May-Majewski úr BR Aleksander Patryk Jurczak sem einnig leikur fyrir BR. Í mini kadet stúlkna voru fjórir keppendur en þar sigraði Emma Nizianska úr BR sem var með jafn marga sigra og Marta Stefánsdóttir úr KR en Emma vann innbyrðis viðureignina og stóð því uppi sem sigurvegari. Í kadet drengja voru fjórir þátttakendur en þar stóð uppi sem sigurvegari Kristófer Logi Brynjólfsson frá Víkingi sem vann alla sína leiki og Haukur Ingi Jónsson úr HK var í 2. sæti.

HSK-mótið í borðtennis fór fram sunnudaginn 16. apríl 2023 í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli. Alls tóku þátt 95 keppendur frá 7 félögum. Keppendur stóðu sig vel og gekk mótið vel fyrir sig. Á héraðsmótum er stigakeppni á milli félaga og sigraði Dímon í heildarstigakeppni mótsins.

Deildakeppni - úrslit í karladeildum 2022

Víkingar urðu Íslandsmeistarar í liðakeppni kvenna 2022 eins og rakið var í ársskýrslu 2022 en úrslitaleikur fór fram 26. febrúar 2022. Leikið var til úrslita í karladeildum þann 8. maí.



A-lið KR varð Íslandsmeistari í 1. deild karla, Keldudeildinni, eftir sigur á HK-A í úrslitaleik. Leiknum lauk með 3-0 sigri KR-A. Leikurinn var þó mun jafnari en þessar tölur gefa til kynna. Úrslit úr einstökum leikjum má finna á vef BTÍ og Tournament Software. Leikið var í Íþróttahúsinu við Strandgötu sunnudaginn 8. maí. Leikmenn sem léku með KR-A á keppnistímabilinu voru þessir: Ellert Kristján Georgsson, Gestur Gunnarsson, Hlökkver Steini Hlökkversson, Ingólfur Sveinn Ingólfsson, Norbert Bedo og Pétur Gunnarsson. Leikmenn HK-A í úrslitaleiknum voru: Björn Gunnarsson, Óskar Agnarsson og Bjarni Þorgeir Bjarnason.



Víkingur-B endurheimti sæti sitt í 1. deild karla með 3-0 sigri á HK-B í **úrslitaleik 2. deildar**, sem fram fór í Íþróttahúsinu við Strandgötu sunnudaginn 8. maí. HK-B varð deildarmeistari í 2. deild en Víkingar voru sterkari í úrslitaleiknum og tryggðu sér sigurinn. Þeir leikmenn sem hafa leikið með B-liði Víkings í vetur eru: Daníel Bergmann Ásmundsson, Dominik Rajs, Hlynur Sverrisson, Kristján Aðalbjörn Jónasson, Ladislav Haluska og Stella Karen Kristjánsdóttir. Í úrslitaleiknum léku Reynir Georgsson, Víctor Berzoi og Örn Þórðarson fyrir HK-B en Daníel, Dominik og Hlynur fyrir Víking-B.



A-lið BR sigraði B-lið BR 3-0 í úrslitaleik í 3. deild karla. Leikið var í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. A-lið BR lék því í 2. deild á tímabilinu 2022-2023. Þetta var í fyrsta skipti sem BR tók þátt í deildarkeppni BTÍ, enda var félagið stofnað árið 2021. Jafnframt var þetta í fyrsta skipti sem keppt er í 3. deild í borðtennis. Leikmenn sem léku með BR-A í vetur voru Abbas Rahman Abdullah, Damian Kossakowski, Marcin Dobrenko, Mateusz Sylwester Marcykiewicz og Piotr Herman. Liðið tapaði aðeins einum leik í vetur, en það var gegn BR-B í 1. umferð suðvesturriðils. Þeir sem léku úrslitaleikinn fyrir BR-A voru Damian, Mateusz og Piotr. Þeir sem léku fyrir BR-B voru Grzegorz Rucinski, Michał May-Majewski og Piotr Brys.

Deildakeppni 2022 2023

Nýtt keppnisfyrirkomulag

Breyting var gerð á keppnisfyrirkomulagi í deildakeppni með það að markmiði að fjölga leikjum án þess að lengja keppnistíma í hverri umferð. Eins og síðasta keppnistímabil var keppt í þremur deildum í karlaflokki og einni deild í kvennaflokki.

Karladeildir: Í nýju fyrirkomulagi voru leiknir allt að 10 leikir í viðureign, fyrst 6 einliðaleikir, svo tvíliðaleikir og að lokum 3 einliðaleikir. Vinna þurfti 6 leiki til að vinna viðureign. Þrír til fimm leikmenn leika hverja viðureign. Þrír sömu leikmenn spila alla einliðaleikina en frjálst er að velja hvern sem er úr fimm manna liði í tvíliðaleikinn. Spila skal hverja viðureign á tveimur borðum. Nýtt fyrirkomulag tók ekki mikið lengri tíma en í fyrra fyrirkomulagi. Spilaðar voru tvær umferðir í öllum deildum.

Liðið sem fyrr er að sigra 6 leiki vinnur viðureignina. Staðan 5-5 er jafntefli og gefur það eitt stig í töflu en sigur veitir tvö stig. Engar breytingar eru leyfðar á niðurröðun eftir að viðureignin er hafin.

Kvennadeild: Í kvennaflokki eru lið skipuð tveimur leikmönnum með það að markmiði að fjölga liðum í kvennadeild. Í nýju kerfi verða alltaf spilaðar fimm leikir hvernig sem staðan er. Tveir einliðaleikir, einn tvíliðaleikir og önnur umferð með einliðaleikjum.

Klára skal alla 5 leikina. Hver sigur gefur stig í töflu. Svo 5-0 sigur gefur 5 stig í töflu fyrir sigurlið og 0 fyrir tap, 4-1 sigur gefur 4 stig í töflu og eitt fyrir tap liðið. Tveir leikmenn skulu vera í liði en leyfilegt verður að bæta við nýjum leikmönnum í tvíliða.

Úrslit í deildakeppni 2023

Víkingskonur sigruðu KR-konur 4-1 í seinni leik liðanna í 1. deild kvenna, sem leikinn var í TBR-húsinu laugardaginn 14. janúar. Þær unnu fyrri leikinn 5-0 og voru því **deildarmeistarar í 1. deild kvenna**. Liðið skipuðu Nevena Tasic og Stella Karen Kristjánsdóttir. Agnes Brynjarsdóttir var einnig skráð í liðið en spilaði ekki í leikjunum tveimur. Eingöngu tvö lið voru skráð til leiks í 1. deild kvenna á þessu keppnistímabili en á hinn bóginn eru þrjú hrein kvennalið í 3. deildinni, auk þess sem nokkrar konur leika með liðum í öðrum karladeildum.

Hér má sjá lokaniðurstöðu í 1. deild kvenna.

Standings of 1. deild kvenna – 1. deild kvenna

	Points	Played	Won	Draw	Lost	Matches	Games	Points
1 Vikingur	4	2	2	0	0	9 - 1	28 - 7	349 - 166
2 KR	0	2	0	0	2	1 - 9	7 - 28	166 - 349



A-lið BH varð deildarmeistari í 1. deild karla, en liðið lauk keppni í deildinni með 18 stig, einu stigi meira en KR-A, sem varð í 2. sæti. Liðin mættust innbyrðis í fyrri umferð dagsins í Íþróttahúsinu við Strandgötu, og lauk leiknum með jafntefli, eftir jafnan og spennandi leik. Hér fyrir neðan má sjá lokaniðurstöðu í 1. deild karla.

Standings of 1. deild karla – 1. deild karla

	Points	Played	Won	Draw	Lost	Matches	Games	Points
1 BH-A	18	10	8	2	0	58 - 21	200 - 86	2873 - 2075
2 KR-A	17	10	7	3	0	57 - 18	187 - 90	2763 - 2075
3 BH-B	10	10	5	0	5	37 - 45	135 - 158	2554 - 2556
4 HK-A	8	10	4	0	6	31 - 42	113 - 137	1762 - 2204
5 Vikingur-A	7	10	3	1	6	37 - 45	138 - 156	2499 - 2559
6 Vikingur-B	0	10	0	0	10	11 - 60	48 - 194	1498 - 2480

Íslandsmeistarar í liðakeppni 2023

Lið BH-A varð Íslandsmeistari í liðakeppni árið 2023 en úrslit réðust 29. apríl. Í 1. deild léku til úrslita lið KR A og BH A. KR-ingar eru ríkjandi Íslandsmeistarar en urðu í öðru sæti í deildakeppninni í ár á eftir BH-ingum sem urðu deildarmeistarar þetta árið.

Leikmenn BH mættu mjög ákveðnir til leiks og komust í 4-0 en vinna þarf sex leiki til að sigrar viðureignina. KR ingar veittu hins vegar BH harða keppni í fyrstu tveimur leikjunum þar sem þurfti oddalotu til að knýja sigur. Leikið er á tveimur borðum samtímis í deildakeppni og staðan eftir sex leiki var 5-1 BH í vil. Í næstu viðureign var keppt í tvíliðaleik þar sem KR ingar unnu og staðan var orðin 5-2. Að lokum var það Magnús Gauti Úlfarsson sem landaði titlinum fyrir BH inga með öruggum sigri í lokaleiknum. Niðurstaðan 6-2 sigur fyrir BH sem þar með urðu Íslandsmeistarar í liðakeppni í annað sinn í sögu félagsins.

Í liði Íslandsmeistara BH voru Magnús Gauti Úlfarsson, Jóhannes Bjarki Tómasson Urbancic, Birgir Ívarsson og Pétur Marteinn Tómasson Urbancic. Lið KR inga var skipað Ellerti Georgssyni, Gesti Gunnarssyni, Bedö Nerbo, Davíði Jónssyni og Skúla Gunnarssyni.



KR B varð Íslandsmeistari í 2. deild karla með öruggum 6-0 sigri á HK B og liðið leikur því í 1. deild á næsta ári. Liðin höfðu sætaskipti frá deildakeppninni þar sem HK B varð deildarmeistari.



Í 3. deild karla sigraði lið Víkinga C eftir eftir 6-3 sigur á KR E en Víkingar C fóru taplausir í gegnum deildakeppnina og leika í 2. deild á næsta tímabili.



Víkingar urðu Íslandsmeistarar í liðakeppni í borðtennis kvenna eftir að hafa unnið KR í úrslitaleik 3-2 þann 30. apríl í Íþróttahúsi Hagaskóla. Víkingar hafa verið ósigraðir í 1. deild kvenna síðastliðin fimm ár og mættu einmitt KR í úrslitaleik á síðasta ári.

Eftir tvo fyrstu einliðaleikina var staðan 1-1 og ljóst að næsti leikur sem var tvíliðaleikur yrði þýðingarmikill fyrir framhaldið. Þann leik unnu Víkingar örugglega 3-0 og voru þar með komnir yfir 2-1 í viðureigninni. KR þurfti því að sigra í báðum einstaklingsleikjum sem eftir voru. Þar reyndist Nevena Tasic, margfaldur Íslandsmeistari, vera of stór biti fyrir KR en hún vann Aldísi Rún Lárusdóttur á meðan Guðrún Björnsdóttir KR vann Stellu Kristjánsdóttur Víkingi. Niðurstaðan var því 3-2 sigur og Víkingar hömпуðu titlinum.

Í úrslitaviðureigninni var lið Víkings skipað Nevenu Tasic og Stellu Kristjánsdóttur og lið KR var skipað Aldísi Rún Lárusdóttur og Guðrúnu G. Björnsdóttur.



Önnur verkefni

Í maí 2022 komu góðir gestir frá Færeyjum í æfingabúðir til okkar þegar sjö unglingalandsliðsleikmenn á aldrinum 10-17 ára æfðu með jafnöldrum sínum á Íslandi. Haldnar voru nokkrar æfingar og í lokin var haldið mót. Farið var í skoðunarferð um Suðurland á sunnudag, m.a. á Gullfoss og Geysi.



Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Borgarnesi í júní 2022. Borðtennis var ekki formleg keppnisgrein að þessu sinni, en BTÍ fékk hins vegar að setja upp mót á sunnudeginum 26. júní kl 11-14 og var tekið á móti áhugasömu fólki sem vildi spila.

Í byrjun júlí fóru fram **æfingabúðir** í borðtennis í TBR húsinu, á vegum **Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa**, í samstarfi við Borðtennisdeild Víkings. Aðalþjálfari æfingabúðanna er Peter Nilsson, landsliðsþjálfari, og aðrir þjálfarar eru honum til aðstoðar. Auk þess að bæta sig í borðtennis gátu leikmenn líka lært kínversku.

Dagana 5. - 10. ágúst 2022 voru haldnar æfingar níu tíu gestum frá TTC Meerdaal klúbbnum í Leuven í Belgíu, þeim sömu og tóku þátt í **Belgíumóti BTÍ** sunnudaginn 7. ágúst. Æfingarnar fóru fram í Íþróttahúsi Hagaskóla og sáu ýmsir þjálfarar um þær. Þátttakendur, auk Belganna, voru leikmenn í landsliðshópnum auk nokkurra annarra leikmanna.



Borðtennisíþróttin var kynnt í Mosfellsbæ í vetrarfríinu þann 16.-19. febrúar 2023. Fimmtudaginn 16. og föstudaginn 17. febrúar voru æfingar fyrir krakka undir stjórn Gests Gunnarssonar, Ellerts Kristjáns Georgssonar og Karls A. Claesson. Um 30 krakkar mættu á æfingarnar. Sunnudaginn 19. febrúar var fjölskyldutími í umsjón Bjarna Þorgeirs Bjarnasonar og mættu um 80 manns á þá kynningu. Eins og staðan er núna er engin borðtennisdeild starfandi í Mosfellsbæ en það stendur til bóta.

Kári Mímisson, borðtennismaður, var kosinn í íþróttamannanefnd ÍSí og ekki nóg með það heldur var Kári valinn formaður nefndarinnar. Hlutverk íþróttamannanefndar ÍSí er að vera málsvari íþróttamanna í samskiptum við ÍSí. Með þessari kosningu er Kári Mímisson kominn í framkvæmdastjórn ÍSí sem fulltrúi íþróttamannanefndar. Samkvæmt heimildum BTÍ er það í fyrsta sinn sem borðtennismaður fær þennan vegsauka og er Kára innilega óskað til hamingju.

Á Íþróttapingi ÍSí sem fór fram um helgina voru nýir heiðursfélagar ÍSí heiðraðir og á meðal þeirra var **Sveinn Áki Lúðvíksson**, fyrsti formaður Borðtennissambands Íslands og fyrsti formaður Borðtennisdeildar KR. Sveinn Áki var formaður Íþróttasambands fatlaðra frá 1996-2017.

Helgina 6.-8. maí sl. hélt **Ítalinn Mattia Luigi Contu**, þjálfari toppliða á Sardiníu og nú í Tromsö í Noregi æfingabúðir fyrir A-landslið (3 æfingar) og unglíngalandslið (4 æfingar) í íþróttahúsi Hagaskóla. Matthia hefur keppt fyrir ítalska unglíngalandsliðið og þjálfað borðtennisleikmenn á öllum aldri og getustigum, m.a. í Serie A á Ítalíu. Helsti árangur hans sem þjálfari er að ná bronsverðlaunum með kvennaliði Quattro Mori Cagliari í ETTU Cup

bæði 2021 og 2022, sem kom þeim í Meistaradeildina á yfirstandandi tímabili. Þar þjálfaði hann m.a. Dragoman Andreea og Tania Plaian frá Rúmeníu. Einnig kom hann að sigri TT Zeus Quartu í ítalska Serie A tímabilið 2013-2014. Undanfarið ár hefur hann sinnt útbreiðslustarfi í Norður-Noregi en áhugi hans á íslenskum borðtennis kviknaði eftir að hann hafði séð útsendingu BTÍ frá Íslandsmótinu. Mikil ánægja var með tæknilega ráðgjöf Matthia á æfingum og vonast sambandið til frekara samstarfs á næstunni.

Landsliðsmaðurinn **Magnús Jóhann Hjartarson frá Víkingi** keppti fyrstu helgina í maí á [mótinu Zwei Burger Turnier í Weinheim í Þýskalandi](#). Magnús sigraði flokkinn Herrer B og komst upp úr riðli sínum í Herrer A en tapaði 11-8 í oddalotu í 16-manna úrslitum fyrir egypskum leikmanni. Þá komst Magnús í 16-liða úrslit með félaganum sínum í tvíliðaleik en í þeim leik töpuðu þeir þar fyrir hæst rankaða parinu, sem vann mótið.

50 ára afmæli BTÍ 12. nóvember 2022

Borðtennissamband Íslands varð 50 ára þann 12. nóvember 2022. Af því tilefni var keyptur hátíðarfáni og boðið til afmælisveislu í samkomusal á 2. hæð í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. Stórgóð mæting og frábær stemning var á afmælisfögnuðinum. Davíð Ólafsson var veislustjóri og sá um skemmtiatriði ásamt Stefáni Stefánssyni. Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, formaður BTÍ flutti ávarp og Sigurjón Ólafsson kynnti drög að nýjum vef. Einnig voru kynntar niðurstöður úr skoðanakönnun á nýju merki BTÍ en að sinni var ákveðið að halda merkinu óbreyttu. Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ færði BTÍ blóm í tilefni dagsins og sæmndi Ingimar Ingimarsson, fyrrum formann og núverandi varaformann gullmerki ÍSÍ af þessu tilefni. Á afmælisdaginn var haldið mót hjá HK þar sem BTÍ bauð upp á afmælistertu.




Nýr vefur Borðtennissambands Íslands

Nýr vefur Borðtennissambandsins var settur í loftið 12. desember 2022 á afmælisári BTÍ. Með nýjum vef gefst færi á að kynna borðtennisíþróttina betur fyrir almenningi, fjölmiðlum og öðrum áhugasömum. Ekki síst lítum við á vefinn sem þjónustu við núverandi iðkendur með öflugri fréttamiðlun, aðgengilegri dagskrá, mótaskrá, aðgengi að styrkleikalista, auk margs konar fróðleiks og upplýsinga um starfsemi BTÍ. Hægt er að þýða efni vefsins á ensku og pólsku með einföldum hætti.

Fyrirtækið Avista sá um hönnun og forritun vefsins auk þess að hýsa hann. Umsjón með verkefninu af hálfu BTÍ hafði Sigurjón Ólafsson sem hafði aðra stjórnarmenn sér til halds, sérstaklega Auði Tinnu Aðalbjarnardóttur og Ingimar Ingimarsson.

Vefurinn er lifandi enda fréttaskrif mjög regluleg á vefnum sem má ekki síst þakka ritstjóra vefsins Ástu Urbancic sem er vakin og sofin yfir fréttum af borðtennis innanlands og erlendis.

Frá opnun vefsins 12. desember 2022 hafa alls 4.600 notendur komið á vefinn og skoðað 36.000 síður sem gerir 7.200 síður á mánuði. Langmest umferð, eins og grafið sýnir, var sunnudaginn 5. mars 2023 eða daginn sem úrslit Íslandsmótsins voru. Þá voru alls 528 notendur sem fóru á vefinn og skoðuðu alls 1.777 síður á vefnum.



Af efnis vefsins eru fréttir mest skoðaðar en alls var frétt um Íslandsmótið skoðuð 2.312 sinnum. Af einstökum síðum á vefnum er mótaskrá mest skoðuð og þar á eftir kemur síðan um deildakeppni. Hér fyrir neðan má finna 10 mest sóttu síður vefsins frá opnun 12. desember 2022 til 11. maí 2023.

Page path and screen class ▾ +		↓ Views	Users	Views per user	Average engagement time	Event count All events ▾	Conversions All events ▾
		36,192 100% of total	4,603 100% of total	7.86 Avg 0%	2m 20s Avg 0%	92,619 100% of total	0.00
1	/	14,996	2,665	5.63	1m 04s	44,023	0.00
2	/islandsmotid-i-bordtennis-2023/	2,312	911	2.54	1m 04s	5,411	0.00
3	/frettir/	2,045	440	4.65	1m 10s	3,817	0.00
4	/motaskra/	986	450	2.19	0m 46s	2,211	0.00
5	/islandsmot-unglinga-2023/	808	261	3.10	1m 03s	1,608	0.00
6	/motaskra/deildakeppni/	653	213	3.07	0m 25s	1,848	0.00
7	/mot/islandsmot-fullordinna/	545	335	1.63	0m 15s	1,223	0.00
8	/urslitakeppnin-i-deildakeppninni-fer-fram-22-og-29-april/	395	136	2.90	1m 06s	822	0.00
9	/bh-open-2023-helgina-25-26-februar-2023/	360	140	2.57	1m 19s	797	0.00
10	/gudmundur-og-nevena-islandsmeistarar-i-meistaraflokki/	323	277	1.17	0m 42s	793	0.00

Borðtennisfólk ársins

Borðtennisfólk ársins, þau Magnús Jóhann Hjartarson og Nevena Tasic, bæði úr Víkingi, fengu viðurkenningar sínar afhentar þann 29. desember 2022 í hófi í tilefni af vali á íþróttamanni ársins.



Borðtenniskarl ársins: **Magnús Jóhann Hjartarson**

Aldur: 24 ára

Félag: Víkingur

Magnús Jóhann varð Íslandsmeistari karla árið 2022 þar sem hann á leið sinni í úrslitin vann m.a. Íslandsmeistara síðustu tveggja ára. Einnig er hann margfaldur Íslandsmeistari í liðakeppni. Í vetur hefur Magnús Jóhann dvalið í Suður Kóreu við nám, æfingar og keppni í borðtennis. Hann er frábær íþróttamaður, ósérhlífinn, þrautseigur, agaður og frábær liðsfélagi.

Borðtenniskona ársins: **Nevena Tasic**

Aldur: 31 ára

Félag: Víkingur

Nevena er Íslandsmeistari kvenna og einnig Íslandsmeistari í liðakeppni kvenna auk þess sem hún sinnir þjálfun yngri flokka hjá Víkingi. Nevena hefur verið mikill styrkur fyrir íslenska landsliðið þar sem hún dregur vagninn, bæði á æfingum og í keppni og hefur hún lyft upp getu annarra leikmanna í landsliðinu. Nevena er frábær fyrirmynd og enn betri liðsfélagi.

Íslandsmót 2023

Guðmundur Stephensen tók þátt í Íslandsmótinu í borðtennis

Í aðdraganda Íslandsmótsins vakti mikla athygli að Víkingurinn Guðmundur Stephensen, margfaldur Íslandsmeistari í borðtennis, tilkynnti um þátttöku í Íslandsmótinu í borðtennis 2023 eftir 10 ára hlé. Guðmundur var ósigrður í einliðaleik á Íslandsmótinu í 20 ár, þar sem hann varð Íslandsmeistari árin 1994-2013. Auk þess vann Guðmundur marga titla í tvíliðaleik, tvenndarlek og í deildarkeppni með Víkingi. Hann var atvinnumaður í borðtennis í ýmsum löndum Evrópu. Unnið er að gerð heimildarmyndar um Guðmund og hans feril í borðtennis.

Íslandsmót fullorðinna

Íslandsmótið í borðtennis 2023 var sett í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði föstudaginn 3. mars. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra setti mótið.



Guðmundur og Nevena Íslandsmeistarar í meistaraflokki

Guðmundur Eggert Stephensen og Nevena Tasic, Víkingi, urðu Íslandsmeistarar í einliðaleik í meistaraflokki á Íslandsmóttinu, sem fram fór í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði 3.-5. mars.



Meistaraflokkur karla

1. Guðmundur Eggert Stephensen, Víkingi
2. Magnús Gauti Úlfarsson, BH
- 3.-4. Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi
- 3.-4. Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingi



Meistaraflokkur kvenna

1. Nevena Tasic, Víkingi
2. Sól Kristínardóttir Mixa, BH
- 3.-4. Aldís Rún Lárusdóttir, KR
- 3.-4. Lilja Rós Jóhannesdóttir, Víkingi



Tvíliðaleikur karla

1. Ingi Darvis Rodriguez / Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingi
2. Birgir Ívarsson / Magnús Gauti Úlfarsson, BH
- 3.-4. Ellert Kristján Georgsson / Gestur Gunnarsson, KR
- 3.-4. Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson / Tómas Ingi Shelton, BH



Tvíliðaleikur kvenna

1. Eva Jósteinsdóttir / Lilja Rós Jóhannesdóttir, Víkingi
2. Aldís Rún Lárusdóttir / Sól Kristínardóttir Mixa, KR/BH

- 3.-4. Lára Ívarsdóttir / Þóra Þórisdóttir, KR
3.-4. Nevena Tasic / Stella Karen Kristjánsdóttir, Víkingi



Tvenndarleikur

1. Nevena Tasic / Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi
2. Sól Kristínardóttir Mixa / Magnús Gauti Úlfarsson, BH
3.-4. Aldís Rún Lárusdóttir / Davíð Jónsson, KR
3.-4. Ellert Kristján Georgsson / Þóra Þórisdóttir, KR



1. flokkur karla

1. Eiríkur Logi Gunnarsson, KR
2. Michal May-Majewski, BR
3.-4. Björgvin Ingi Ólafsson, HK
3.-4. Guðjón Páll Tómasson, KR



1. flokkur kvenna

1. Ársól Clara Arnardóttir, KR
2. Þóra Þórisdóttir, KR
- 3.-4. Anna Sigurbjörnsdóttir, KR
- 3.-4. Lára Ívarsdóttir, KR



2. flokkur karla

1. Benedikt Aron Jóhannsson, Víkingi
2. Ísak Aryan Goyal, KR
- 3.-4. Ísak Indriði Unnarsson, Víkingi
- 3.-4. Viliam Marciník, KR



2. flokkur kvenna

1. Lára Ívarsdóttir, KR
2. Kristjana Áslaug Thors, KR
- 3.-4. Helena Árnadóttir, KR
- 3.-4. Marta Dögg Stefánsdóttir, KR

Myndir frá mótinu má sjá á fésbókarsíðu Borðtennissambands Íslands. Þar má einnig sjá klippur frá mótinu.



Sýnt var frá mótinu á YouTube síðu BTÍ og á RÚV2, sem var fyrsta beina útsendingin í íslensku sjónvarpi frá Íslandsmótinu. Hér eru lýsendur í stuði.

Íslandsmót öldunga, karla og kvenna, 2023 fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 18. febrúar. Leikmenn komu frá félögunum Víkingi, HK, KR, BR, Akri og Erninum. Víkingur vann til gullverðlauna í 7 flokkum, KR, HK og Örninn unnu til gullverðlauna í 2 flokkum.

Íslandsmót unglunga 2023 fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 18.-19. mars í umsjón borðtennisdeildar Víkinga. Mótið var fjölmennt þar sem keppendur komu frá félögunum Víkingi, KR, BH, BR, HK, Dímon og Garpi. Mótið tókst mjög vel þar sem keppendur sýndu snilldartakta í borðtennis og ljóst að framtíðin er björt í borðtennis á Íslandi.

[Úrslit í einstökum flokkum má finna á vef BTÍ.](#)

Íslandsmót ÍF í borðtennis fór fram í Íþróttahúsi ÍFR að Hátúni laugardaginn 1. apríl síðastliðinn. Hákon Atli Bjarkason frá ÍFR varð þrefaldur Íslandsmeistari en hann sigraði í tvíliðaleik með félaganum Wova Cherniavskiy, vann í sitjandi flokki 1-5 og í opnum flokki.